

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

2002/EES/03/35

frá 14. febrúar 2000

## um að efla flutninga á stuttum sjóleiðum(\*)

(2000/C 56/02)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

- 1) FAGNAR annarri orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þróun flutninga á stuttum sjóleiðum í Evrópu og vekur athygli á að í henni er að finna aðra skýrslu um framfarir í þróun flutninga á stuttum sjóleiðum sem ber að leggja fram annað hvert ár og sem ráðið fór fram á í niðurstöðum sínum frá 18. júní 1997.
- 2) LÝSIR ánægju sinni með að í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar er lögð fram ítarleg endurskoðun á þróun flutninga á stuttum sjóleiðum, bent á helstu vandkvæði þar sem frekari aðgerða er þörf í því skyni að efla flutninga á stuttum sjóleiðum, útskýrð heildarnálgun til langs tíma til þess að þróa flutninga á stuttum sjóleiðum og lagðar fram tillögur um fjölda aðgerða sem öllum hlutaðeigendum ber að grípa til.
- 3) ÍTREKAR markmið og tilmæli viðvikjandi aðgerð sem fjallað er um í ályktun ráðsins frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum <sup>(1)</sup> og niðurstöðum ráðsins frá 18. júní 1997 og VEKUR ATHYGLI Á því að þegar hefur verið gripið til aðgerða og þær hafnar á grundvelli þessara tilmæla.
- 4) MINNIST þess að flutningar á stuttum sjóleiðum er umhverfisvænn flutningsmáti sem stuðlar að sjálfbærum flutningum, styrkir samheldni bandalagsins og stuðlar að aukinni skilvirkni flutningakerfa bandalagsins.
- 5) LEGGUR ÁHERSLU Á að forgangsmarkmið ráðsins er að vinna að því að flutningar á stuttum sjóleiðum verði virkur þáttur og góður valkostur í keðju samþættra flutninga að húsdýrum milli allra svæða innan bandalagsins.
- 6) ÁLÍTUR að efling flutninga á stuttum sjóleiðum í öllum myndum, til dæmis gámaflutninga og flutninga í lausri vigt, sé sívirktt ferli sem ber að hraða með aðgerðum til skamms, meðallangs og langs tíma jafnframt því að hlíta ber reglum bandalagsins, meðal annars þeim sem gilda um gestaflutninga á sjó.
- 7) ÍTREKAR það álit sitt að það er fyrst og fremst undir sjálfum atvinnugreinunum komið að þróa flutninga á stuttum sjóleiðum og að ráðið, aðildarríkin og framkvæmdastjórnin gegna mikilvægu hlutverki, einkum með tilliti til rammaskilyrðanna.
- 8) MINNIST þess að í skýrslu sinni til leiðtoga ráðsins í Helsinki, um áætlun um að fella umhverfismál og sjálfbæra þróun inn í stefnu á sviði flutninga, fjallar ráðið um nauðsyn þess „að stuðla að flutningum á stuttum sjóleiðum, með sérstakri áherslu á að ryðja úr vegi hindrunum sem hamla þróun þeirra sem umhverfisvæns flutningsmáta“ og HVETUR aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til þess að gera ráðstafanir á ýmsum sviðum sem sömuleiðis leiða til þess að flutningar á stuttum sjóleiðum verði eflir.
- 9) ÁLÍTUR að heildarnálgunin, sem kemur fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sé góður grunnur sem framtíðarstarf byggist á, þar sem stefnt er að því að ná fyrrnefndum forgangsmarkmiðum og FAGNAR almennt tilmælum um þróun flutninga á stuttum sjóleiðum í fyrrnefndri orðsendingu.
- 10) ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að áriðandi sé að finna hagkvæma lausn til þess að ryðja úr vegi hindrunum sem hamla þróun flutninga á stuttum sjóleiðum og, á þessu stigi þróunarinnar, að beina athygli að tilteknum aðgerðasviðum, einkum því:
  - a) að auka skilvirkni fermingar- og affermingarstaða í flutningakeðjunni (það er samþættra skiptistaða eins og hafna, birgðastöðva o.s.frv.) með því að hagræða stjórnsýslumeðferð og efla þjónustu og tæknileg samgöngugrunnvirki (það er aðstöðu í landi, tengingar við upplandið, fermingareiningar o.s.frv.);
  - b) að stuðla að heildarlausnum í flutningum að húsdýrum með sameinaðri aðstöðu, til dæmis afgreiðslu á einum stað, með samstillingu ólíks flutningsmáta og samvinnu ólíkra aðila sem fást við rekstur flutningaþjónustu í birgðakeðjunni, með því að koma á góðum starfsháttum, með því að huga að ráðstöfunum, í því skyni að innleiða þær, á borð við setningu viðmiðana og mikilvæg vísbendi um afköst, með söfnun og miðlun gagna og upplýsinga um flutninga á stuttum sjóleiðum, meðal annars með aðstoð Hagstofu Evrópubandalaganna, og með því að nýta samvinnuvettvang, sem ráðstefnur og miðstöðvar á vegum aðildarríkjanna skapa, og önnur framtaksverkefni, sem er ætlað að efla flutninga á stuttum sjóleiðum, til dæmis upplýsingaskrifstofur flutninga á stuttum sjóleiðum;

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB C 56, 29.2.2000, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 99, 2.4.1996, bls. 1.

- c) að skapa og prófa ný tæknileg tækifæri og markaðsfæri fyrir flutninga á stuttum sjóleiðum, einnig á vegalengdum sem eru styttri en þær meðalvegalengdir sem nú tíðkast, með því að stuðla að rannsóknum og þróun, einkum með tilliti til aðstöðu í landi, upplýsingatækni og skipa sem er breytt sérstaklega fyrir flutninga á stuttum sjóleiðum. Auk þess er mælt með því að kannaður verði sá kostur að veita skammtímastyrki til nýrra verkefna og frekari þróunar yfirstandandi verkefna á þessu sviði;
- d) að skapa jafna rekstraraðstöðu fyrir flutninga á stuttum sjóleiðum með því að vinna enn frekar að því að koma á sanngjarnri og skilvirkri verðlagningu með tilliti til samgöngugrunnvirkja, að teknu tilliti til umfjöllunar nefndar háttsettra embættismanna á vegum framkvæmdastjórnarinnar um gjaldtöku fyrir notkun samgöngugrunnvirkja.
- 11) HVETUR hlutaðeigandi aðila, meðal annars einstakar atvinnugreinar, notendur flutningsþjónustu, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, til þess að vinna ótulllega að því að forgangsmarkmiðin verði að veruleika, ásamt verkefnunum sem er lýst í 10. lið, og að vinna í sameiningu að því að ryðja úr vegi hindrunum sem hamla þróun flutninga á stuttum sjóleiðum.
- 12) HVETUR framkvæmdastjórnina til þess að halda áfram starfi sínu og efla það í því skyni að auka flutninga á stuttum sjóleiðum, einkum með því að:
- a) hefja sem fyrst ítarlega skráningu hindrana og annarra tiltekinna vandkvæða og hugsanlegra lausna, til dæmis góðra starfshátta með innleggi frá miðstöðvum og öðrum sem málið varðar;
- b) kanna hug hlutaðeigandi aðila og efna til samráðs við þá sem fyrst í því skyni að leggja fram tillögur og/eða hvetja til setningu starfsreglna sem miða að því að einfalda og hagræða formsatriðum á sviði stjórnsýslu innan flutningageirans og skjalahaldi viðvíkjandi flutningum á stuttum sjóleiðum, einkum með tilliti til samræmdrar notkunar IMO FAL-eyðublaða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í bandalaginu;
- c) leggja fram yfirlit yfir opinberan fjárstuðning til hafna og tillögur um markaðsaðgang fyrir hafnarþjónustu, að teknu tilliti til fjölbreytilegra aðstæðna í höfnum innan bandalagsins, til dæmis jadarstaðsetningar þeirra, og skuldbindinga á sviði opinberrar þjónustu og þess að nauðsynlegt er að tryggja öryggi í ríki mæli;
- d) kanna þann kost að leggja í ríkari mæli til hliðar fjármagn bandalagsins, sem er til reiðu, til að efla flutninga á stuttum sjóleiðum, að leita fleiri leiða til slíkrar fjármögnunar og að skapa vettvang, í samræmi við ákvæði sáttmálans um ríkisaðstoð og samkeppni, þar sem innlent fjármagn nýtist til þess að ýta úr vör nýjum verkefnum á sviði flutninga á stuttum sjóleiðum;
- e) þróa aðferðir til þess að mæla mengun frá keðjum flutninga að húsdýrum, þar sem stuttar vegalengdir eru farnar á sjó, í samanburði við vegalengdir, þar sem um aðeins einn flutningsmáta er að ræða, í því skyni að auðvelda skynsamlegt val flutningsmáta;
- f) fylgja þróuninni á markaði fyrir flutninga á stuttum sjóleiðum og safna og miðla upplýsingum um staðreyndir um flutninga á stuttum sjóleiðum og tækifæri þeim tengd;
- g) kanna, í samvinnu við miðstöðvar flutninga á stuttum sjóleiðum, samkeppnishæfni keðja flutninga að húsdýrum, þar sem stuttar vegalengdir eru farnar á sjó, í samanburði við annan flutningsmáta, með tilliti til flutningsverðs á margskiptum flutningsmarkaði;
- h) taka stöðugt mið af þörfum flutninga á stuttum sjóleiðum þegar gripið er til bandalagsaðgerða og þær skipulagðar og þegar um svæðisbundið samstarf við hlutaðeigandi þriðju lönd er að ræða.
- 13) HVETUR framkvæmdastjórnina til þess að senda ráðinu næstu áfangaskýrslu sína á árinu 2001 og vikka umfjöllunarsvið hennar þannig að það nái yfir farþegaflutninga auk farmflutninga.